


VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



STARFSEMI NORÐURLANDSDEILDAR VEIÐIMÁLASTOFNUNARINNAR 1983.


Tumi Tómasson

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Veiðimálastofnun

Eintak bókasafns

Hólum í Hjaltadal 1984.



13/2 1984

STARFSEMI NORÐURLANDSDEILDAR VEIÐIMÁLASTOFNUNARINNAR 1983

Í byrjun september 1983 var skipað í stöðu fiskifræðings Norðurlandsdeildar Veidimálastofnunarinnar. Verksvið þeirrar deildar er að sjá um ráðgefandi þjónustu og rannsóknir varðandi nýtingu laxfiska í ám og vötnum. Umdæmi deildarinnar er frá Hrútarfjarðará að vestan til Jökulsár á Fjöllum að austan. Aðsetur Norðurlandsdeildarinnar, frá byrjun nóvember 1983, er að Hólum í Hjaltadal og er skrifstofan í húsi bændaskólans þar.

Í september og október var einkum fengist við undirbúning. Teknar voru saman helstu upplýsingar sem fyrir lágu á Veidimálastofnun í Reykjavík varðandi öll árkerfi umdæmisins. Einnig var aflað tækja til rannsókna, svo og útbúnaður fyrir skrifstofu, eftir því sem aðstæður leyfðu. Veiðifélag Víðidalsár lagði deildinni til afnot af góðri víðsjá og Laxárfélagið, sem er félag stangveiðimanna við Laxá í Aðaldal, lagði til hreisturpressu. Má segja að um áramót hafi búnaður deildarinnar verið orðinn samilega góður, þótt enn megi bæta um betur.

Í nóvember og desember var deildin kynnt veiðifélögum í umdæminu og í samráði við þau var mörkuð sú stefna að starfsemi næstu ára skyldi fyrst og fremst beint að:

- 1) Könnun á þáttum sem orsaka sveiflur í laxgengd og aðgerðir sem gætu aukið og jafnað göngur fullorðinna laxa úr sjó.
- 2) Laxarækt í köldum ám.
- 3) Nýting silungshlunninda í ám og stöðuvötnum.

Í samræmi við ofangreind markmið var gerður stuttur rannsóknarleiðangur í Laxá í Aðaldal og hafin var úrvinnsla gagna þaðan frá árunum 1945-1960. Er ráðgert að halda því starfi áfram á næstu árum. Þá var gerð lausleg könnun á lífríki Hjaltadalsár og eldri gögn og skýrslur þaðan athugaðar. Þessi á er dæmigerð fyrir köldu árnar Norðanlands og var hafin gerð laxræktunar- og rannsóknarætlunar fyrir ána. Loks var farið í Mývatn, veitt í gegnum ís og rätt við bændur. Vegna mikilvægi veiðihlunninda þar er fyrirhugað að veita Mývatni sérstaka athygli í framtíðinni, í náinni samvinnu við aðra fiskifræðinga Veidimálastofnunarinnar. Mývatn er mjög sérstætt og því verður leytast við að hefja langtímarannsóknir í öðru dæmigerðu silungsvatni á þessu ári.

Á komandi árum er ráðgert að mest áhersla verði lögð á langtíma verkefni þar sem fylgst verður með breytingum fiskistofna í ljósi tíðarfars, veiðiálags og fiskræktaraðgerða. Niðurstöður slíkra rannsókna ættu að styrkja mjög almennt ráðgjafastarf, þótt slíkt kalli ævinlega einnig á minniháttar gagnasöfnun í viðkomandi ám eða vötnum. Á árinu 1983 var gerð ein smærri könnun á seiðastofnum Fljótaár í Skagafirði og munu niðurstöður þaðan liggja fyrir á næstunni.

Þó deild Veidimálastofnunarinnar fyrir Norðurland sé enn í burðarliðnum hefur þegar komið fram talsverður áhugi og stuðningur við starf hennar frá veiðifélögum og öðrum hagsmunaaðilum í umdæminu. Ég er þessum aðilum þakklátur, en bendi á að áframhaldandi stuðningur er forsenda þess að starf deildarinnar verði veiðimálum á svæðinu til framdráttar.

Tumi Tómasson

Tumi Tómasson, fiskifræðingur